

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 36/2001**

**frá 30. mars 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/1999 frá 17. desember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun ráðsins 1999/312/EB frá 29. apríl 1999 um breytingu á ákvörðun 93/383/EBE um tilvísunarrannsóknarstofur vegna eftirlits með sjávarlífeitri<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 17. lið (ákvörðun ráðsins 93/383/EBE) í hluta 6.2 í I. kafla í I. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 D 0312:** Ákvörðun ráðsins 1999/312/EB frá 29. apríl 1999 (Stjtið. EB L 120, 8.5.1999, bls. 37).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 206.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 120, 8.5.1999, bls. 37.

2. gr.

Texti ákvörðunar ráðsins 1999/312/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.